

Framhaldsskóli

Menntaskóli Borgarfjarðar – haustönn 2012

Námsgrein/ Lýsandi nafn á áfanga

UPP104 - Inngangur að uppeldis- og menntunarfræði

Fjöldi framhaldsskólaeininga (fein)

(á ekki við)

Undanfari

Enginn

Lýsing á efni áfangans:

Þetta er grunnáfangi í uppeldisfræði og er ætlaður til kynningar á fræðigreininni uppeldis- og menntunarfræði. Fjallað er um rætur fræðigreinarinnar, sögu og hagnýtingu. Hugtakið uppeldi tekið til umræðu og gildi uppeldis fyrir einstakling og samfélag. Nemendur kynnst hugmyndafræði og uppeldisaðferðum nokkurra þekkra uppeldisfræðinga sem hafa haft áhrif á uppeldis- og skólastarf í Evrópu. Einnig verður fjallað um áhrif tölvu- og netnotkunar á nám og skólastarf og ýmsa nýjar uppeldishugmyndir.

Kennslugögn:

Uppeldi; kennslubók fyrir framhaldsskóla, eftir Guðrúnu Friðgeirsdóttur og Margréti Jónsd.

Námsmat:

- ýmis verkefni og próf (misjafnlega stór eftir atvikum) 85%;
- eitt stórt verkefni (hóp- eða einstaklings) 10%
- ástundun og skilvísí 5%

Áfangalýsing: uppeldisfræði



Lokamarkmið áfanga:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á :

þróun fræðigreinarinnar uppeldis- og menntunarfræði
grundvallarhugmyndum nokkurra viðurkennda uppeldisfræðinga
leiðum uppeldisfræðinnar til að útskýra þroskaferil barna
ólíkum uppeldisaðferðum
uppeldisaðstæðum barna á Íslandi
rétti barna samkvæmt lögum og hvaða stofnanir gæta réttar þeirra
niðurstöðum rannsókna á mismunandi uppeldisaðferðum foreldra
hagnýtu gildi uppeldis- og menntunarfræðinnar

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

skilja umfjöllun um mismunandi uppeldishugmyndir manna
beita hugökum uppeldisfræðinnar á skýran og skilmerkilegan hátt
jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum
skoða sína eigin hugmyndafræði hvað uppeldi varðar
setja fram spurningar og taka þátt í umræðu um uppeldismál
tjá kunnáttu sína á munnlegan og skriflegan hátt

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

gera sér grein fyrir ólíkum þörfum, hegðun, hugarástandi og tilfinningalífi barna við ýmsar uppeldisaðstæður
gera sér grein fyrir gildi jákvæðra og uppbyggilegra samskipta
afla sér upplýsinga um uppeldis- og menntamál, greina aðalatriði þeirra og nýta sér til frekari vinnslu
vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra á gagnrýninn hátt
geta framkvæmt einfalda rannsókn og áttað sig á helstu niðurstöðum